

Fundargerð
17. eigendafundar SORPU bs.
Skrifstofa SSH, mánudaginn 8.júlí 2019, kl. 12:30

Mætt:

f.h. eigenda SORPU bs.:

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík
Páll Magnússon staðgengill í fjarveru Ármanns K.r Ólafssonar, Kópavogi.

frá stjórn SORPU bs.:

Birkir Jón Jónsson, Kópavogsbæ.
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ.
Bjarni Torfi Álfþórsson, Seltjarnarnesi.
Líf Magneudóttir, Reykjavík.
Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafnarfirði.
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbæ.

Ennfremur sátu fundinn Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU bs. og Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs SORPU bs. Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár

1. mál: Förgun úrgangs á höfuðborgarsvæðinu

Eftirtalin gögn lágu fyrir fundi vegna þessa máls:

Minnisblað Björns H. Halldórssonar frá 11.apríl 2019. „ Vegna / förgunarúrræða fyrir höfuðborgarsvæðið“.

Um nokkurt skeið hefur legið fyrir brýn þörf fyrir nýjan förgunarstað á höfuðborgarsvæðinu en skv. samkomulagi eigenda frá 25.september 2013 voru eigendur ásáttir um að urðun í Álfsnesi skyldi hætt í lok árs 2020. Unnið hefur verið að lausn málsins en niðurstaða í málinu liggur ekki fyrir.

Umræður

Niðurstaða:

Eigendavettvangur samþykkir að stofnaður verði starfshópur sem falið verði að vinna aðgerðaáætlun með heildarlausn úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu að leiðarljósi. Að verkefninu komi utanaðkomandi aðili til þess að vinna með og halda utan um vinnu starfshóps sem stofnaður verður vegna málsins. Aðgerðaáætlunin skal liggja fyrir 1.október 2019 og skal kostnaður vegna vinnu starfshópsins greiddur af SORPU bs. Mikilvægt er í vinnu starfshópsins að tengjast áætlunargerð annara opinbera aðila í umhverfismálum. Framkvæmdastjóra SSH er falið, í samráði við aðila máls, að vinna drög að erindisbréf vegna starfa hópsins og leggja fyrir eigendavettvang eins fljótt og kostur er. Í hópnum munu starfa Birkir Jón Jónsson og Líf Magneudóttir frá stjórn SORPU bs og frá stjórn SSH, Rósa Guðbjartsdóttir og Haraldur Sverrisson. Með hópnum munu starfa Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri SORPU bs og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH. Áhersla verði lögð á samráð og samvinnu við stofnanir á vegum ríkisins er málefnið varðar.

2.mál: Tillögugerð er varðar sameiningu Kölku og SORPU bs.

Eftirtalin gögn lágu fyrir fundi vegna þessa máls:

„Sameining SORPU bs. og Kölku. „ Drög til umræðu „ Greinagerð Capacent frá desember 2018“.

Um nokkurt skeið hafa SORPU bs. og Kalka sorpeyðingarstöð sf átt í viðræðum um mögulega sameiningu félaganna.

Umræður.

Niðurstaða:

Vísað til umræðu og úrvinnslu starfshóps (mál 1).

3.mál: Notkun sveitarfélaganna á metani

Fyrir liggur að skoða aukna möguleika á nýtingu á metangasi hjá SORPU bs.

Umræður.

Niðurstaða:

Eigendavettvangur beinir því til stjórnar SORPU b.s. að senda sveitarfélögunum erindi um hvort áhugi sé fyrir því að nýta metangas í starfssemi þeirra.

4.mál: Fjárfestingaáætlun gas- og jarðgerðarstöðvar – tækjabúnaður í móttökustöð

Eftirtalin gögn lágu fyrir fundi vegna þessa máls:

Minnisblað Björns H. Halldórssonar frá 2.júlí 2019. Vegna / áætlana fyrir gas-og jarðgerðarstöðvar – tækjabúnaður í móttökustöð – Trúnaðarmál.

Umræður:

Niðurstaða:

Málið er lagt fram til kynningar. Er málinu vísað til áframhaldandi umræðu og afgreiðslu hjá stjórn SORPU b.s. og óskað verði eftir aðkomu fjármálastjóra sveitarfélaganna á greiningu á bestu kostum við úrlausn mála. Ef afgreiðslan leiðir til aukinna fjárframlaga af hendi sveitarfélaganna þarf málið að koma fyrir eigendavettvanginn á ný.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.